

**Efni: Okkar Kópavogur, niðurstöður rafrænna kosninga 2022**

Rafrænar kosningar í fjórðu umferð verkefnisins Okkar Kópavogur hófust þann 26. janúar sl. og lauk um hádegi í gær, 9. febrúar 2022. Á kjörskrá voru 32.506 íbúar og alls kusu 4759 íbúar, eða 14,6%, sem telst ágætur árangur í samanburði við fyrri árangur í Kópavogi og önnur sveitarfélög sem ráðist hafa í sambærileg verkefni.

Í hugmyndasöfnuninni í haust var 70% aukning bæði í virkni íbúa og innsendingu hugmynda, sem sýnir áhuga íbúa á verkefninu. Ákveðið var að færa kosningaaldur niður í ungmenni fædd 2008 og eldri, þ.e. úr 16 ára á árinu niður í 14 ára á árinu. Enn er þó ekki búið að greina kosningagögnin og því ekki unnt að skera úr um áhrif þeirrar breytingar á þessum tímapunkti.

Til samanburðar má nefna að árið 2016 kusu 12,2% kjörgegnra íbúa í Kópavogi, árið 2018 kusu 17,7% kjörgengra íbúa, og árið 2020 kusu 15,6% kjörgengra íbúa. Athugið að fleiri kusu í ár en árið 2020 og skýrist hlutfallslækkunin af því að þýðið er stærra þar sem lágmarksaldur kjósenda var lækkaður um tvö ár.

Niðurstaða þeirra verkefna sem fara í framkvæmd má sjá í meðfylgjandi töflu. Jafnframt eru hér meðfylgjandi tölfraðilegar upplýsingar um niðurstöður kosninga í verkefninu Okkar Kópavogur á árunum 2016-2022.

| Valin verkefni í Kársnesi                     | Atkvæði    | m.kr.     |
|-----------------------------------------------|------------|-----------|
| Fjölga bekkjum við Kársnesstíg                | 260        | 3         |
| Göngu- og hjólastígar meðfram strönd Kársness | 227        | 25        |
| Risaróla við Kársnesstíg                      | 170        | 4         |
| <b>Samtals</b>                                | <b>657</b> | <b>32</b> |

| Valin verkefni í Digranesi                             | Atkvæði     | m.kr.     |
|--------------------------------------------------------|-------------|-----------|
| Lýsing í undirgöngum                                   | 446         | 11        |
| Lýsing á gönguleið um Víghólasvæðið                    | 412         | 6         |
| Fjölga bekkjum í hverfinu                              | 409         | 5         |
| Skammdegislýsing í Hlíðargarð                          | 371         | 5         |
| Aðskilja göngu- og hjólastíga í Kópavogsdal, 1. áfangi | 368         | 25        |
| Þrekkur fyrir eldri borgara                            | 314         | 8         |
| <b>Samtals</b>                                         | <b>2320</b> | <b>60</b> |

| Valin verkefni í Smárahverfi                       | Atkvæði    | m.kr.     |
|----------------------------------------------------|------------|-----------|
| Lýsing við boltavelli við Smáraskóla               | 226        | 3         |
| Vatnspóstur við ærslabelinn við Dalsmára           | 180        | 2         |
| Fleiri leiktæki við ærslabelg við Dalsmára         | 141        | 9         |
| Skilti með kynningu á gömlum leikjum               | 125        | 2         |
| Róla fyrir hreyfihamlaða á leiksvæði í Smárahverfi | 98         | 6         |
| <b>Samtals</b>                                     | <b>770</b> | <b>22</b> |

| Valin verkefni í Fífuhvamm (Lindir og Salir) | Atkvæði | m.kr. |
|----------------------------------------------|---------|-------|
| Lýsing á göngustígum að Lindaskóla           | 402     | 6     |

|                                       |             |           |
|---------------------------------------|-------------|-----------|
| Fleiri vatnspósta í hverfið           | 361         | 2         |
| Aparóla á lóð Lindaskóla              | 350         | 7         |
| Lýsing á göngustíg meðfram golfvelli  | 318         | 7         |
| Hjólástólaróla á leiksvæði í hverfinu | 247         | 5         |
| Meiri jólaljós í hverfið              | 214         | 6         |
| <b>Samtals</b>                        | <b>1892</b> | <b>33</b> |

| <b>Valin verkefni í Vatnsenda</b>                     | <b>Atkvæði</b> | <b>m.kr.</b> |
|-------------------------------------------------------|----------------|--------------|
| Ruslatunnur við göngustíga                            | 489            | 3            |
| Leiktæki í Guðmundarlund                              | 443            | 8            |
| Lýsing við undirgöng milli Ásakórs og Hörðuvallaskola | 384            | 4            |
| Malarstígur milli Boðapings og Guðmundarlundar        | 365            | 11           |
| Lýsing gangbrauta við hringtorg                       | 361            | 11           |
| Læsanleg hlaupahjólástæði við Vatnsendaskóla og Kórin | 259            | 6            |
| <b>Samtals</b>                                        | <b>2301</b>    | <b>43</b>    |

| <b>Tölfræði yfir kosningaþátttöku í Okkar Kópavogi 2016-2022</b> |                   |                       |                 |
|------------------------------------------------------------------|-------------------|-----------------------|-----------------|
| <b>Kosningaár</b>                                                | <b>Á kjörskrá</b> | <b>Fjöldi atkvæða</b> | <b>Hlutfall</b> |
| 2016                                                             | 25.211            | 3076                  | 12,2%           |
| 2018                                                             | 28.466            | 5031                  | 17,7%           |
| 2020                                                             | 30.130            | 4700                  | 15,6%           |
| 2022                                                             | 32.506            | 4759                  | 14,6%           |

Allar niðurstöður kosninganna eru jafnframt lagðar fram í viðhengi.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún María Kristinsdóttir  
verkefnastjóri íbúatengsla